



Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði

Fundargerð vegna fundar 26. september 2011

Fimmti fundur starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fór fram mánudaginn 26. september, kl. 16.30 – 19.30. Meginmál fundarins var að ræða skilgreiningar á viðmiðum til notkunar í ályktunum um samgöngumál innan Vatnajökulspjóðgarðs. Í þeim tilgangi var fyrstu klukkustund fundarins varið í fjarfund með Sigbrúði Stellu Jóhannsdóttur (Stellu), líffræðingi hjá Náttúrustofu Norðurlands, en Sigbrúður Stella hefur víðtæka reynslu af skilgreiningu viðmiða vegna starfs síns við undirbúning og gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Vatnajökulspjóðgarð. Í sama tilgangi var Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræðum við Háskóla Íslands, fengin til að lýsa störfum sínum vegna „Rammaáætlunar um nýtingu vatnsorku og jarðvarma – um ferðapjónustu, útivist og hlunnindi“. Í þessari vinnu sinni studdist Anna Dóra mikið við notkun viðmiða vegna tillagna um nýtingu einstakra svæða.

Í samtali við Stellu lýsir hún hvernig reynt var að leggja mat á verndargildi svæðisins almennt, þegar kom að því að ákveða viðmið og nota til þess viðurkennda aðferðarfræði eins og gert í Náttúruverndaráætlunum, Skýrslu um Mat á verndargildi háhitasvæða og fleira. Þá skipti miklu máli að heildrænt væri horft á hlutina, vistkerfisheildir svæða, landslagsheildir og hvernig þær snerta verndargildi og upplifun ferðafólks. Hún lýsti því hvernig þurfti að samræma opinber slóðakerfi og óopinber og þá hvernig samgönguumgjörð fyrir Þjóðgarðinn varð til. Hugsunin var jafnframt að horfa til einföldun vegakerfisins, gera það skýrara, skilvirkara og einfaldara. Í því sambandi var einnig horft til þess hver bæri ábyrgð á umsjón og viðhaldi skilgreindra leiða í þjóðgarðinum, Megin viðmiðin voru: *verndargildi svæða, heildir, t.d. vistkerfi, jarðminjar og landslag, upplifun gesta, einföldun samgangna, öryggi gesta og eftirlit með leiðum*. Þegar kom að umræðu um einstakar leiðir sagði Stella að lagt hafi verið mat á Vikrafells leið þannig að hún væri fáfarin, erfið, ekki fyrir alla en mikilvæg út frá jarðfræði og jarðmyndunum. Ef leið væri þarna um myndi það skera í sundur heildir norðan Dyngjujfalla. Vegna mikilvægi heilda í Þjóðgarðinum var þetta svæði hugsað sem víðerni án vélvæddrar umferðar og var lagt upp með það á sameiginlegum fundi stjórnar og svæðisráð í upphafi vinnunar haustið 2008. Varðandi „Stytting“, þá var það hugsað sem einföldun á leiðum og að til væri önnur leið (það er að segja í starfinu var unnið út frá því markmiði að hafa ekki margar leiðir að sama stað). Vegur inn að Svartárbotnum kom ekki inn á borð starfsins, hvorki sem GPS „track“ né sem slóði/vegur á korti. Varðandi Vonarskarð, sem er á vestursvæði þjóðgarðsins, þá var horft til þess að hafa véllaust svæði með aðkomu frá Svarthöfða í suðri/vestri og Gjóstu í norðri en að það væru opnar leiðir beggja vegna (Gæsavatnaleið/ Bárðargata um Hamar). Stella benti á að Vonarskarðið væri mikið torleiði og því mikil hættu á utanvegaakstri í mjög viðkvæmu landi. Svæðisráð vestursvæðis lagði til tímabundnar lokanir, en stjórnin ákvað að loka alveg.

Stella var spurð út í samanburð erlendis frá hvað viðmið varðar. Hún telur að það megi draga lærdóm af mörgu af því sem aðrar þjóðir hafa unnið í þessu sambandi. Við erum komin lengra í því að þróa viðmið sem snúa að , líffræði en viðmið vegna jarðmyndana og jarðfræði eru komin skemmra á veg þó þar hafi ýmislegt unnist eins og í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um mat á verndargildi háhitasvæða. Enn skemmra á veg komið eru viðmið hvað landslag varðar. Tekið hafi verið mið af verndarflokkakerfi IUCN varðandi víðerni og reynt að aðlaga viðmið víðerna í verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarð, sem byggðist þó að mestu á íslensku skilgreiningunni, að einhverju leyti að því.

Farið var yfir lög (2007/60, 28. mars - Lög um Vatnajökulspjóðgarð) þar sem almenn viðmið eru tíunduð og fjallað um að *Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru sögu og mannlíf svæðisins*. Í lögnum koma jafnframt fram þau markmið að það eigi að vera að stuðla að atvinnuuppbyggingu á jaðarsvæðum, umferð stýrt til að auðvelda eftirlit og leiðir fundnar að öryggis sé gætt.

Anna Dóra sat með starfshópnum til loka fundarins. Hún fór í gegnum þá vinnu sem unnin var vegna Rammaáætlunarinnar. Þar komu fram afar mörg viðmið sem gefin höfðu verið ólíkt vægi. Rætt var um að markmið þjóðgarða væri tvennt; annars vegar að auðvelda aðgengi og hins vegar að vernda náttúruna. Mögulega sé hægt að leysa árekstra ólíkra hagsmunaaðila með því að svæðisskipta landi.

Almenna viðmiðið þar sé að viðkvæm svæði eigi að gera minna aðgengileg en þau sem þola meiri umferð. Hins vegar hafa þolmarkarannsóknir ekki verið gerðar innan Þjóðgarðsins. Anna Dóra fór yfir ýmis skjöl sem sýna vinnu við ákvarðanir um nýtingu einstakra svæða. Flest þessara skjala eru opinber svo sem greinin „Nature tourism assessment in the Icelandic Master Plan for geothermal and hydropower development. Part I & II: assessing the impact of proposed power plants on tourism and recreation“, „Hálendi Íslands – auðlind útivistar og ferðamennsku“, „Áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist“ og „Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma“.

Virðingarfyllt,
Þröstur Olaf Sigurjónsson